

Gunnarssonar til viðlagasjóðs frá 25. nóvbr. 1878, að upphæð 1000 kr., ásamt vöxtum frá 11. júní 1884 til borgunardags, svo og öllum kostnaði, sem af fjárnáminu leiðir.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 55/1887

Rafn Sigurðsson
gegn
Ólafi Ólafssyni.

Dómur:

Mál þetta er risið út af því, að áfrýjandinn, skóari Rafn Sigurðsson, telur til skuldar, að upphæð 11 krónur, hjá hinum stefnda, Ólafi bónda Ólafssyni, fyrir stigvjel, er hann tjáist hafa selt Ólafi handa dóttur hans, en stefndi hefur skorazt undan að borga stigvjela-verð þetta. Málið var dæmt í gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 21. nóv. f. á. á þá leið, að stefndi á að vera sýkn, svo framarlega hann synjar fyrir það með eiði, að hann hafi beðið áfrýjandann að láta sig fá hin umræddu stigvjel handa dóttur sinni og lofað að greiða honum andvirði þeirra, og á þá málskostnaður að falla niður, en vinni hann eigi svofelldan synjunareið, á hann að greiða áfrýjandanum 11 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 9. júnímán. f. á., þangað til borgun er innt af hendi, og 30 kr. í málskostnað. — Þessum dómi hefur Rafn Sigurðsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. nóv. f. á., og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að dóminum verði breytt í þá átt, að hinn stefndi verði afdráttarlaust dæmdur til að

greiða honum 11 kr. með 5% vöxtum frá sáttakæru-
degi, svo og allan málskostnað fyrir báðum rjettum
eptir mati yfirdómsins. Á hinn bóginn hefur Ólafur
Ólafsson gagnáfrýjað sökinni með stefnu, dags. 20.
des. f. ár, og eru það hans rjettarkröfur, að hann
verði algjörlega sýknaður fyrir kröfum aðaláfrýjanda,
og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan
málskostnað fyrir báðum rjettum.

Gagnáfrýjandi hefur skýlaust neitað því, að hann
hafi sjálfur fengið nokkur stígvjel hjá aðaláfrýjanda,
er hann skuldi honum andvirði fyrir; þá hefur hann
og tekið það fram, að sjer sje ókunnugt um það, að
dóttir hans hafi fengið umrædd stígvjel hjá aðaláfrýj-
anda, því að hún hafi aldrei skýrt sjer frá því, og
þó svo hefði verið, þá beri sjer eigi skylda til að
borga hvað eitt, er dóttir sín kunní að hafa keypt.
Gegn svo lögudum neitunum gagnáfrýjanda, er þykja
nægilega glöggar, og eigi eru um seinan komnar fram
í málinu, hefur aðaláfrýjandi eigi sannað, að gagn-
áfrýjandi hafi sjálfur beðið um eða keypt umrædd stíg-
vjel, nje heldur að hann hafi heimilað dóttur sinni að
kaupa þau í reikning sinn. Á hinn bóginn hefur eitt vitni
gefið þá rjettarskýrslu í málinu og staðfest hana með
eiði, að það hafi snemma í sumar er leið heyrt á
tal aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda, og hafi hinn síð-
arnefndi þá lofað að borga aðaláfrýjanda 11 kr. fyrir
stígvjel, er dóttir hans hefði fengið hjá aðaláfrýjanda.
Með því að gagnáfrýjandi eigi hefur viljað kannast
við, að hann hafi gefið svofellt loforð, og aðaláfrýj-
andi að sínu leyti eigi hefur fært aðra eða frekari
sönnun fyrir þessu, en tilgreind er, verða úrslit máls-
ins að vera komin undir eiði gagnáfrýjanda, þannig

að hann á að vera sýkn fyrir kröfum aðaláfrýjanda, ef hann synjar fyrir það með eiði, að hann í sumar er leið hafi lofað að greiða aðaláfrýjanda 11 kr. sem andvirði umræddra stígvjela, og á þá málskostnaður að falla niður; en vinni hann eigi svofelldan eið, á hann að greiða aðaláfrýjanda andvirði stígvjelanna, að upphæð 11 kr. með 5⁰/₀ vöxtum frá sáttakæru-
degi 9. júní f. á., og þess utan málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Svo framarlega sem gagnáfrýjandi Ólafur Ólafsson eptir löglegan undirbúning í sínu varnarþingi synjar fyrir það með eiði, að hann í sumar er leið hafi lofað aðaláfrýjanda Rafni Sigurðssyni að greiða honum andvirði stígvjela þeirra, er að framan um ræðir, að upphæð 11 krónur, á hann að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu, og á þá málskostnaður fyrir báðum dómum að falla niður. En vinni hann eigi svofelldan eið, á hann að greiða aðaláfrýjanda áminnztar 11 krónur með 5⁰/₀ vöxtum frá 9. júní-
mán., f. á. til borgunardags, og 30 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.